JACOB PENNER PARK

Eftir hverjum viltu nefna garð?

Horfðu vel á öll heimilin! Tilgreindu smáatriði um hvert og eitt sem þér likar.

800

794

776

766

764

758

NOTRE DAME AVE.

Roy's FLORIST

Hvaða þrir hlutir finnast þér bestir í þessum garði? Af hverju?

Við erum Works Yard! Hvaða bygging er elst? Hver er þin uppáhalds?

McGEE ST.

VICTOR ST.

WELLINGTON SCHOOL

Ég er klassiskt þriggja hæða lyftulaust hús! Hvað er frábært við ibúðir?

ROYAL SUPER MARKET

FALCONS

WELLINGTON AVE.

FIRST LUTHERAN CHURCH

Ef þú gætir hannað þinn eigin garð, hverju myndir þú bæta við?

WINNIPEG ARCHITECTURE FOUNDATION @wpgarch

@KajHasselriis

winnipegarchitecture.ca

KANNAÐU JACOB PENNER PARK!

Jacob Penner Park var þróaður árið 1894, sem gerir hann yfir 125 ára! Hann er í raun einn af elstu görðunum í Winnipeg. Þegar hann opnaði, var garðurinn nefndur Notre Dame Park. Snemma á 19. öld var svæðið umhverfis garðinn heimili margra íslenskra innflytjenda. Yfir árin breyttist garðurinn eftir því sem fleiri hús og fyrirtæki fluttu á svæðið. Árið 2013 var garðurinn endurnýjaður, og býr nú yfir aðstöðu eins og körfuboltavelli, hjólabrettagarði, samfélagslegum garði og fleira! Fylgdu þessu korti til að læra allt um þennan sögulega þéttbýlisgarð!

Skilti Jacob Penner

Árið 2000, var nafni garðsins breytt í Jacob Penner Park til að heiðra feril íbúa Winnipeg, Jacob Penner. Penner var úkraínskur innflytjandi sem kom til Winnipeg árið 1906. Hann vann sem stjórnmálamaður og notaði rödd sína til að hjálpa fólki frá öllum stigum að fá betri laun og almennilegt húsnæði.

Winnipeg Fálkarnir

Hokkíliðið Winnipeg Fálkarnir komst á spjöld sögunnar í apríl 1920 þegar það vann fyrstu gullverðlaunin í ólympísku hokkíi, með 12–1 sigri á Svíþjóð! Fálkarnir samanstóð næstum eingöngu af íslenskum kanadískum leikmönnum. Þessir leikmenn fengu ekki að spila í hokkídeild Winnipeg einfaldlega vegna þess að þeir voru innflytjendur. Þeir mynduðu sitt eigið lið árið 1911 og kepptu í annarri deild. Margir leikmannanna börðust í Fyrri heimstyrjöldinni. Fálkarnir sameinuðust árið 1919 og kepptu árið 1920 á Vetrarólympíuleikunum! Þrír af meðlimum Fálkanna bjuggu allir nálægt á heimilum á Agnes Street.

Trjáræktarstöðin í Winnipeg og Works Yard

Árið 1984 varð Jacob Penner Park heimili fyrstu gróðurhúsa og gróðrarstöðva Winnipeg borgar. Gróðurhús og gróðrarstöðvar er þar sem plöntur eru ræktaðar. Garðyrkjufræðingar borgarinnar prófuðu sig áfram og ræktuðu allskonar mismunandi plöntur þar. Þeir voru jafnvel með gróðrarstöð fyrir álm! Margir álmanna sem voru gróðursettir um alla Winnipeg voru ræktaðir þar. Fyrir 1930 höfðu bæði gróðurhúsin og gróðrarstöðin flutt til Assiniboine Park.

Verona íbúðirnar, Victor Street 730
Arkitekt Edgar Prain

Verona íbúðirnar voru hannaðar af arkitektinum Edgar Prain og byggðar árið 1911. Þriggja hæða lyftulausar íbúðir sem þessi voru algengar 1910–1920. Þær eru kallaðar lyftulausar vegna þess að þær hafa ekki lyftur. Hinn frægi skopmyndateiknari og teiknimyndagerðarmaður Charlie Thorson bjó í Verona. Thorson hefur fengið viðurkenningu fyrir að hanna hinar ástsælu teiknimyndapersónur Mjallhvíti og dvergana sjö og Kalla kanínu!

Húsin á Victor Street

Húsin meðfram Victor Street eru öll meira en 115 ára gömul. Mörg heimilanna voru í eigu fólks sem hafði flutt frá Winnipeg frá Íslandi.

Victor Street 758

Þetta múrsteinshús hefur mörg áhugaverð smáatriði. Það eru klassískar súlur á veröndinni, eins þær sem þú sérð á fornum grískum hofum! Ef þú skoðar betur, muntu sjá körfumynstur í múrsteininum, sporöskjulaga (hringlaga) glugga, og bugðóttar viðarskreytingar undir þakskegginu.

Victor Street 764

Þetta heimili úr rauðum múrsteini var byggt árið 1915 og var í mörg ár heimili Ólafs og Sigríðar Björnsson. Ólafur kom til Winnipeg frá Íslandi með fjölskyldu sinni aðeins 8 ára gamall, og árið 1897 varð hann fyrsti íslenski Kanadamaðurinn til að útskrifast frá læknanámi við Háskólann í Manitoba. Skoðaðu smáatriði þessa húss gaumgæfilega. Það er tveggja hæða „útskotsgluggi“ sem hulinn er viðarskífum og múrsteinsskreytingum kringum aðalhurðina.

Victor Street 766

Fyrstu eigendur Victor Street 766 voru bakarar. Guðmundur Þórðarson og fjölskylda hans bjuggu hér á meðan hún rak skandinavískt bakarí á Sherbrook Street. Þetta hús er byggt úr múrsteini og hefur hornturn með öðrum turni.

Victor Street 776

Húsið var byggt árið 1905 og margar breytingar hafa verið gerðar á því en ef þú horfir til þaktoppsins, getur þú séð járngrindverk á litlum palli. Þetta er kallað „ekkjugangur“. Þeir voru algengir á húsum nálægt sjó og voru notaðir til að fylgjast með skipum. Það eru einnig pressaðar málmskífur undir þríhyrningslaga burstinni. Skoðaðu skorsteininn til að giska á upprunalegt efni hússins!

Victor Street 794, 796 og 800

Íslenskir smiðir voru mjög flinkir að byggja úr við. Horfðu upp til að sjá útskornu viðarskreytingarnar á þessum húsum. Ef þú skoðar vel, getur þú séð sólstafi, bríkur í laginu eins og sæhesta, skreyttar súlur og annan tréskurð.

Krambúðin á horninu

Krambúðir voru áður algengar í Winnipeg, staðsettar með fárra húsaraða millibili. Þar var seld mjólk, brauð og önnur matvara, sem sparaði ferð til stærri stórmarkaða. Úrvalið af sælgæti vakti sérstakan áhuga barnanna í hverfinu.

Miðstöð heilbrigðisvísinda

Miðstöð heilbrigðisvísinda er staðsett handan götunnar frá Jacob Penner Park. Það hefur verið sjúkrahús hér síðan 1884. Yfir næstu öld voru byggingar rifnar niður og skipt út eftir því sem sjúkrahúsið stækkaði. Í dag er Miðstöð heilbrigðisvísinda ein a stærstu heilbrigðisstofnunin í Kanada.

Orkuverið
Arkitektar MMP Architects

Orkuverið var byggt árið 1972 til að hita og kæla byggingar sjúkrahússins. Vegna þess að þetta er ekki bygging sem margt fólk fer inn í eða vinnur í, gátu þeir haft lögun hennar mjög óvenjulega. Hvað minnir þessi lögun þig á?

Leikvöllur og hjólabrettagarður

Jacob Penner Park hefur verið notaður á marga vegu yfir síðustu 100 ár. Þar eru bekkir til að sitja og lesa, göngustígar fyrir göngutúra, og þjónustur til skemmtunar til að kanna. Einu sinni var jafnvel vaðlaug þar. Í dag er þar klifurbúnaður, körfuboltahringir og hjólabrettagarður.

Samfélagsgarðar

Skoðaðu blómakerin nálægt miðju garðsins—getur þú séð eitthvað vaxa í þeim? Þetta er samfélagslegur garður, þar sem fólk getur ræktað grænmeti, kryddjurtir og blóm. Þetta er svipað og gamla gróðurhús borgarinnar sem var eitt sinn í garðinum, fyrir utan það að fólk eins og þú sér um plönturnar í stað borgarstarfsmanna.

Wellington skólinn, Beverly Street 690
Arkitekt W.J. Enns

Fyrsti skólinn var byggður hér árið 1898. Eftir því sem fólkfjöldinn óx, stækkaði skólinn einnig. Hinn núverandi Wellington skóli, sem kom í stað sögulegra bygginga, var byggður árið 1972. Þegar skólinn var stækkaður aftur var mikil „ofurgrafísk“ teikning á veggnum (eins og veggmynd) sem var hönnuð af IKOY arkitektum.

Winnipeg Architecture Foundation eru skráð góðgerðarsamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa helgað sér því að efla vitund og viðurkenningu fyrir byggingarumhverfi Winnipeg með almennri menntun.

Frekari upplýsingar um Winnipeg byggingar, landslag og arkitekta er að finna á *winnipegarchitecture.ca*.

Framleitt með stuðningi frá DMSMCA (Daniel McIntyre St. Matthews Community Association).

KORT TEIKNAÐ AF:
Kaj Hasselriis

HÖNNUN EFTIR:
Burdocks

WINNIPEG ARCHITECTURE FOUNDATION

DMSMCA Daniel McIntyre St. Matthews Community Association